


GRUNNMYND 1. HÆÐ

Samþykkt
26 NOV 2008
F.h. Sigurðar

# BYGGINGARLÝSING

Núverandi hús er steinsteypt einbýlishús með íbúð á aðalhæð og bílgeymslu í kjallara..
Árið 1985 var samþykkt upprunaleg teikning og 1989 breytt teikning sem byggt var eftir.

Viðbygging og breytingar á núverandi húsi, yfirlit:
Markmiðið er að bæta við herbergi með viðbyggingu. Viðbyggingin er austanmegin, tilbakadregin ofan við sólpall og hýsir hjónaherbergi ásamt baðherbergi inn af því.
Fjarlægð viðbyggingar frá lóðamörkum er 3,00 m og er sótt leyfi til að fara nær lóðamörkum en 5,00 m.
Meðfylgjandi er samþykkt nágranna á aðliggjandi lóð nr. 46 á því fyrirkomulagi.

Hönnun er samkvæmt reglugerðum og stöðlum um bygginga og uppfylltar eru kröfur um brunavarnir.

Tekið er tillit til núverandi byggingar og leitast við að aðlaga viðbyggingu að núverandi húsi, form þaks, þakhalli og þakbrúnir er aðlagað, útlit glugga og rennihurða með sama svipmóti o.s.frv.
Gerðar eru lítilsháttar breytingar á innra fyrirkomulagi, felldur er út hringstigi sem ekki er ráðgert að byggja og innveggir í anddyri eru reyndarteiknaðir svo og þakbrúnir.

Viðbygging:
Botnplata er steinsteypt, járnbent plata, með 75 mm einangrun undir allri plötu og niður með sökklum.
Útveggir eru með járnbentri steinsteypu, einangraðir ~~bæði að utan og~~ að innan.
Að utan er áferð slétt úr mótum, samanber Dokamót á núv. húsi, og pokapússað.
Að innan eru útveggir með 100 mm einangrun og 20 mm grófmúrhúðun og fínpússningu eða sandspörtlun.
Gólf eru með 50 mm ílögn.
Þakhalli er 15 gráður, sami og eldri hluta húss. Þaksperrur úr timbri, einangrun 200 mm.
Gluggar eru úr þéttvaxinni furu eða oregonfuru.
Útihurð herbergis er glerjuð rennihurðaeining úr áli og viði. Útihurð á baðherbergi er glerjuð timburhurð.
Gler glugga og útihurða er einangrunargler.
Milliveggir eru með 100mm grind og 2x13mm gifsplötum hvorum megin.
Undir þaksperrum er bil með timburgrind fyrir rafmagn og innfellda lampa.
Loft eru klædd með loftaplötum.
Gólfhitalögn er í ílögn.
Gólf eru lögð gólfflísum.

Breytingar utanhúss:
Svalahandrið hefur til þessa ekki verið byggt, verða úr harðviði í náttúrulegum lit.
Í stað núverandi hurðar og glugga á suðausturhlið við sólpall kemur ný rennihurðaeining úr áli/ viði.
Heitur pottur með loki kemur á sólpall, skýldur með miklum gróðri gagnvart nágrannalóð.

Breytingar innanhúss:
Á núv. austurgafl húss kemur gat á steinvegg fyrir innihurð út í viðbygginguna.
Ný eldhúsinnrétting ásamt eyju með eldunar- og morgunverðarborði.
Gólfklæðning í alrými (forstofu, borðstofu og eldhúsi) verður tekin upp, gólfhitalögn lögð í ílögn og gólf endurklædd.

FMR upplýsingar:
Landnúmer 120383, íbúðarhús, staðgreinir 1400-1-21600480.
Fastanúmer 207-4642, íbúð 01 01 01, byggingarár 1989.
Stærðir fyrir breytingu birt flatarmál 187,1 $m^2$. ³

Lóðarstærð 819,0 $m^2$.
Heildarstærðir húss:
Sjá skráningartöflu.

Hámarks U-gildi byggingarhluta í $W/m^2K$:
Þak 0,2, útveggir 0,4, léttir útveggir 0,3 og gluggar 2,0.

Brunavarnir:
Veggur norðvestanmegin á núv. byggingu og suðaustanmegnin á viðbyggingu eru REI60 veggir og ná upp að neðri brún ystu þakklæðningar.
Þak er með ytri klæðningu í flokki 1, bárujárnsklæðningu.
Gluggar á svefnherbergjum eru björgunarop (BO).

Öryggi:
Allir gluggar eru með með öryggislæsingum.

Gert eftir teikningum Magnúsar K. Sigurjónsson frá 1989.

Breytingar á teikningu dags. 30.9.2008:
Reyndarteikning vegna skráningartöflu.
Breytingar á núv. byggingu til reyndar varðandi þakbrúnir og innra fyrirkomulag.
Ný viðbygging.
Skráningartafla.

| | | | |
|---|---|---|---|
| MÁL STAÐREYNIST | MÁL Í MM | MKV. 1:100 | VIÐBYGGING |
| FAGRABERG 48, HAFNARFIRÐI | | | GRUNNMYND 1. HÆÐ OG BYGGINGARLÝSING |
| AÐALTEIKNING | MAGNÚS K. SIGURJÓNSSON KT. 030547-4549<br>SUÐURGÖTU 33, R., SÍMI 551 4565 | | 09-02 |
| TEIKN. MKS | 3. OKTÓBER 2008 | Magnús K. Sigurjónsson | |